

**11. fundur Samráðshóps um þjónustumiðstöð að Dalbraut 6, haldinn í fundarherbergi 1. hæð, Stillholti 16-18, 29. september 2015 og hófst hann kl. 09:00**

**Fundinn sátu:**

Jón Hrói Finnsson formaður, Hildur Bjarnadóttir skipulags- og byggingarfulltrúi, Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu og Ólafur Guðmundsson aðalmaður.

**Fundargerð ritaði:** Laufey Jónsdóttir, verkefnisstjóri.

Jóhannes Ingibjartsson boðaði forföll. Í hans stað mætti Þórhallur Björnsson varamaður

**Fyrir tekið:**

**1. 1410165 - Dalbraut 6 - bréf sem send hafa verið vegna breytinga á húsnæði**

Vísað er til endurskoðaðrar fundargerðar frá fundi samráðshópsins þann 15. september þar sem ákveðið var að semja nýtt bréf til bæjarráðs varðandi stækkun á húsnæðinu að Dalbraut 6. Drög að bréfi verða kynnt.

*Samráðshópurinn vann bréfið og voru allir sammála um innihald þess.*

**2. 1410165 - Dalbraut 6 - þarfagreining**

Áfram unnið með þarfagreininguna þar sem þeim lið var frestað á síðasta fundi.

*Áfram var unnið með þarfagreiningu. Gerðar voru breytingar á stærð anddyris/skála/fatahengis og bætt var við rými fyrir trésmíði. Einnig var umræða um stærð á samkomusal og fjölnotasal. Ekki er til stór samkomusalur í bæjarfélaginu sem getur nýst til veisluhalds. Ákveðið var að bíða með frekari umræðu um þarfagreiningu þar til fyrir liggur afstaða bæjarráðs til stækkunar á húsnæðinu.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.**

*Ólafur Guðmundsson  
Laufey Jónsdóttir  
Þórhallur Björnsson  
Koslaun Björnsdóttir*